

**Mættir** : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson og Oddur Örnólfsson.

**Afboða, mæta ekki** : Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjóri.

**Fundur 16.04.2020 settur kl. 18.30.** Fundurinn var fjarfundur

### 1. Mótamál

- a. Nú er ljóst að samkomubanni verður aflétt í áföngum. Farið var yfir þau plön sem gerð voru á síðasta fundi og líklegustu niðurstöður ræddar. Það er nokkuð ljóst að bæði AMÍ og ÍM50 mótin verða haldin en beðið er eftir frekari stafestingum frá yfirvöldum uppá hvenær æfingar geti hafist.

### 2. Æfingar

- a. Farið var yfir bréf sem sent hefur verið til ÍSÍ með hugmyndum af æfingaskipulagi eftir að fyrsta hluta samkomubanns verður aflétt. Stjórn SSÍ vill meina að það sé hægt að byrja sundæfingar aftur í áföngum án þess að fara á skjön við reglur samkomubanns. Stjórn SSÍ hefur óskað eftir því að ÍSÍ beiti sér í þessu máli fyrir hönd sambandsins og/eða að fulltrúar frá SSÍ fái að hitta fulltrúa yfirvalda til að fara yfir sérstöðu sundsins sem íþróttar án snertingar.

### 3. Ólympíustyrkir

- a. ÍSÍ hefur sent út bréf þar sem tilkynnt er að Ólympíustyrkir munu halda áfram fram að Ólympíuleikum 2021 meðan keppandi hefur ennþá möguleika til þáttöku eins og sagt er í bréfinu. SSÍ hefur komið þessum skilaboðum til þeirra sem eru á þessum styrk hjá okkur.

### 6. Önnur mál

**Fundi slitið kl. 19:40**